

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. júní 2023
UST202305-216/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Tjarnarver, fjallasel – Skeiða – og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Tjarnarver fjallasel í Gnúpverjafrétti.

Í greinargerð kemur fram að í dag eru á svæðinu, gistiskáli og hesthús þar sem stærð þeirra er 89 m².

Auk þess kemur fram að heimilt er að stækka núverandi skála og breyta hesthúsluta hans í gistirými, þannig flatarmál verði allt að 130 m². Heimilt er að gistiþláss verði fyrir 40 manns. Heimilt er að byggja 20 m² salernishús og 60 m² fræðslumannvirki sem gæti nýst sem dvalastaður landvarða. Auk þess er heimilt að reisa 60 m² hesthús á byggingareit B2, innan áningahólfs er heimilt er að setja upp skjól.

Heildar byggingarmagn fyrir svæðið er því um 270 m². Auk þess er heimilt að framleiða rafmagn á svæðinu og getur sú framleiðsla verið með vindrellu, sólarþeglum eða olíurafstöð, allt að 25 kW. Einnig gerir tillagan ráð fyrir tjaldsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið 20. janúar sl.

Staðfest aðalskipulag

Í greinargerð er vitnað í 11. gr. friðlýsingaskilmála Þjórsárvera þar sem segir að heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þegar verið er að tala um „staðfest aðalskipulag“ er átt við staðfest aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, þ.e. staðfest skipulag á þeim tíma sem auglýsingin fyrir friðlandið tók gildi, þ.e. 9. október 2017.

Því er óþarfi að mati stofnunarinnar að hafa þessa setningu í greinargerð, þ.e. „Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis

Umhverfisstofnunar“ þar sem ávallt þarf að leita umsagnar stofnunarinnar í samræmi við 68. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda í samræmi við 11. gr. auglýsingar fyrir friðlandið.

Umhverfismat

Í umhverfismati segir að aukin ferðamennska innan friðlands Þjórsárvera sé talin geta haft neikvæð áhrif á viðkvæm svæði.

Stofnunin telur að tillagan geti þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á verndarmarkmið friðlandsins hvað varðar fjölgun ferðamanna á svæðinu. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfa veranna, rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.¹

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lögð sé fram deiliskipulagsáætlun sem mun ekki hafa neikvæð áhrif á friðlandið og ganga gegn verndarmarkmiðum friðlands Þjórsárvera.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Samkvæmt 81. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun svo og reglur um önnur atriði er greinir í IV. kafla laganna. Í lögnum kemur einnig fram að stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitastjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Í stjórnunar- og verndaráætlunum eru hins vegar ekki settar takmarkanir á aðgang ferðamanna almennt heldur einungis tímabundið svo sem vegna hættuástands eða hættu á gróðurskemmdum vegna aurbleytu.

Í deiliskipulaginu kemur fram að spornað verði við áhrifum af uppbyggingu með því að setja ákvæði um aðgang ferðamanna í stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sé fyrst og fremst að setja stefnu um framtíð svæðisins í góðri samvinnu við þá aðila sem eiga að koma að gerð hennar og hagsmunaaðila. Framtíðarsýn felur meðal annars í sér stefnu um uppbyggingu og þær verndaraðgerðir sem þarf að fara í til að verndargildi svæðisins sé tryggt.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að móta heildræna stefnu fyrir svæðið, með breiðu samráði, áður en lengra er haldið svo hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/thjorsarver/>

um framtíð svæðisins og þá uppbyggingu og aðgangsstýringu sem nauðsynlegt er að fara í.

Hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu sem koma fram í deiliskipulaginu eru viðamiklar og í anda uppbyggingar ferðamannastaðar. Mikil fjölgun ferðamanna eykur álag á viðkvæmu svæði og hætt er við að verndargildi þess rýrni. Það samrýmist ekki markmiði friðlýsingar um friðlandið í Þjórsárverum, en þar kemur m.a. fram að markmið hennar sé að vernda bæði víðerni og landslagsheildir. Ósnortin víðerni og landslagsheildir eru þverrandi auðlind á heimsvísu og verndargildi þeirra í Þjórsárverum telst því hátt.

Leyfisveitingar

Í greinargerð segir að leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þurfi til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og, þegar við á, lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitir ekki leyfi til framkvæmda innan Þjórsárvera sem gætu haft neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi friðlandsins

Vindrafstöð

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að huga sé að umhverfisvænum orkukostum í tillögnum, en stofnunin bendir á að 25 kW vindrafstöð getur verið allt að 15-30 metrar að hæð. Því segir afl rafstöðvarinnar ekkert til um umhverfisáhrif hennar heldur hæð sem getur haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja skilyrði um hæð stöðvarinnar og meta umhverfisáhrif vindrafstöðvarinnar með tilliti til ásýndar og landslags. Umhverfisstofnun bendir á að horfa ætti frekar til sólarSELLA en hárra vindrafstöðva.

Samgöngur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlunin, hvað varðar afmörkun samgangna á uppdrætti, sé í samræmi við viðauka III auglýsingar fyrir friðland Þjórsárvera.²

Samráð

Þar sem stofnunin veitir leyfi til framkvæmda innan friðlands Þjórsárvera sbr. 11. gr. friðlýsingarskilmála, er nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina um gerð aðalskipulagsins og gerð deiliskipulags að því er tekur til friðlandsins, sbr. 4.2.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og að haldinn sé samráðsfundur milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur